

SAFNAÐU ÞEKKINGU – SÆKTU ÞÉR AUKINN STYRK

- fjölbreytt og hagnýt námskeið



Vormisseri 2012

Leiðandi á markaði

Endurmenntun Háskóla Íslands er leiðandi á markaði hvað varðar námskeiðahald en samkvæmt könnun Félagasvísindastofnunar HÍ sækja tæplega þrisvar sinnum fleiri námskeið hjá okkur en hjá sambærilegum fræðsluaðilum.

Endurmenntun leggur metnað sinn í að bjóða fagleg, starfstengd námskeið á sem flestum sviðum atvinnulífsins. Námskeiðin eru öll haldin af færustu sérfræðingum á viðkomandi sviði, ýmist kennurum úr Háskóla Íslands eða sérfræðingum og stjórnendum víðs vegar að úr atvinnulífinu.

Námskeiðsframboðið er í stöðugri þróun og tekur mið af þjóðfélagsaðstæðum hverju sinni.

Í þessum bæklingi má finna námskeiðsframboð á vormisseri 2012 í flokkunum **Fjármál og rekstur**, **Stjórnun og forysta** og **Starfstengd hæfni**. Öll námskeiðin má sjá, með ítarlegri námskeiðslýsingu á vef Endurmenntunar.

Nánari upplýsingar og skráning á námskeiðin er á heimasíðu okkar endurmenntun.is eða í síma 525 4444. Skráningarfrestur á námskeiðin er að öllu jöfnu átta dögum fyrir upphafsdagsetningu.

Við hlökkum til að sjá þig.

Starfsfólk Endurmenntunar Háskóla Íslands

Fjármál og rekstur:

Árið 2011 – Nýlegar breytingar á skattalögum

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu breytingar á lögum um tekjuskatt og virðisaukaskatt svo og tryggingagjald árið 2011 er varðar einstaklinga og fyrirtæki. Rætt verður um nýja skatta og þá sem liðu undir lok. Sýnt verður með dæmum hvernig breytingarnar virka í framkvæmd. Þá verður spurt hvort vænta megi nýrra skatta. Jafnframt verður farið yfir stefnumarkandi dóma og úrskurði skattfyrivalda og lagt mat á hvaða áhrif þeir hafa á skattskil á Íslandi.

Hvenær: Fim. 26. jan. kl. 16:15-19:00

Kennari: Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögmaður hjá SkattVís slf. og aðjúntk í skattarétti við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 14.500 kr.

Excel I – fjármál og rekstur

Námskeiðið byrjar á upprifjun á öllum helstu grunnatriðum er varðar innslátt, afritun og útlit. Flýtleiðir eru kynntar og fleira sem hjálpar fólki að vinna með Excel. Farið er yfir allar helstu aðgerðir í Excel sem nýtast við vinnslu gagna, m.a. vinnslu með margar síður í senn og notkun nafna og fasta. Ætlað öllum þeim sem starfa með Excel í tengslum við fjármál og rekstur og langar að læra meira.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur komi með eigin fartölvur með þráðlausu netkorti og Excel 2010 á námskeiðið

Hvenær: Þri. 14., fim. 16. og þri. 21. feb. kl. 8:30-12:30 (3x)

Kennari: Oddur Sigurðsson, sérfræðingur hjá Íslandsbanka

Verð: 32.900 kr.

Lestur ársreikninga

Á námskeiðinu eru þær meginreglur sem gilda um efni og framsetningu ársreikninga kynntar. Þá er farið í greiningu ársreikninga með aðstoð kennitalna. Helstu kennitölur eru kynntar og þeim beitt á ársreikninga nokkurra fyrirtækja í Kauphöll Íslands. Lögð er áhersla á að gera þátttakendum grein fyrir þeirri hættu að draga fljótfærnislegar ályktanir af tölunum sem í ársreikningum birtast.

Veitið athygli: Þeir sem sækja bæði Lestur ársreikninga og Greining ársreikninga fá 20% afslátt af hinu síðara.

Hvenær: Fim. 16. feb. kl. 13:00-16:00 og fös. 17. feb. kl. 9:00-12:00

Kennari: Dr. Gunnar Óskarsson, aðjúntk við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 29.300 kr.

Gerð viðskiptaáætlana - í fimm skrefum

Námskeiðið er byggt upp í fimm skrefum og hefst á umfjöllun um viðskiptahugmynd - leit, mat og val hugmynda, því næst er fjallað um markaðspátt viðskiptaáætlana, þá framkvæmdahluta og fjárhagshluta og að lokum er fjallað um verðmat og kynningu viðskiptaáætlana.

Ætlað öllum þeim sem eru, eða hafa hug á, að vinna að gerð viðskiptaáætlana. Hentar öllum sem eru að leita nýrra tækifæra, fyrir sjálfa sig eða það fyrirtæki eða stofnun sem þeir starfa hjá.

Hvenær: Fim. 1. - 29. mars kl. 8:30-12:30 (5x)

Kennarar: Páll Kr. Pálsson, hagverkfræðingur og Þórður Freyr Sigurðsson, viðskiptafræðingur

Verð: 56.500 kr.

Greining ársreikninga

Gerð verður grein fyrir helstu greiningaraðferðum s.s. láréttri og lódréttri greiningu en megináherslan verður á kennitölugreiningu.

Unnið verður með tvo nýlega ársreikninga. Námskeiðið er ætlað þeim sem þurfa að rýna í ársreikninga fyrirtækja og gera ýmsar greiningar á þeim. Reiknað er með að þátttakendur séu læsir á ársreikninga.

Veitið athygli: Þeir sem sækja bæði Lestur ársreikninga og Greining ársreikninga fá 20% afslátt af hinu síðara.

Hvenær: Fim. 8. mars kl. 13:00-16:00 og fös. 9. mars kl. 9:00-12:00

Kennari: Dr. Gunnar Óskarsson, aðjúntk við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 29.300 kr.

Starfsemi bankastofnana

Farið er yfir helstu tegundir bankaviðskipta, þróun þeirra hérlendis og erlendis. Gerð er ítarlegt grein fyrir bæði viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi; fjallað er um innlána og útlánastarfsemi, rekstur útibúa og greiðslumiðlunar en jafnframt um hlutverk banka á fjármálamarkaði, markaðskipti, eigin stöðutöku og fyrirtækjaráðgjöf. Ætlað fjármálastjórum fyrirtækja sem og öðrum stjórnendum auk endurskoðenda og annarra sem koma að fjármálum fyrirtækja og stofnana.

Hvenær: Mán. 12. - 26. mars kl. 16:15-19:00 (3x)

Kennari: Ásgeir Jónsson, lektor við hagfræðideild HÍ

Verð: 35.800 kr.

Gerð þjónustusamninga - aukin hagræðing í rekstri

Þjónustusamninga er hægt að gera um allt sem mönnum dettur í hug að nefna, á mun víðara sviði en fyrst mætti ætla. Þeir henta vel til að ramma inn samkomulag með samningi um framkvæmd vissra þjónustuliða þar sem magn er ákveðið en þó er heimilt að breyta innan vissra fyrirfram ákveðinna marka - allt á fyrirfram ákveðnum einingarverðum.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur nái að nýta sér ólíka þætti þjónustusamninga eða læri að útbúa nýja þjónustusamninga til hagræðingar fyrir viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

Hvenær: Mán. 19. mars kl. 13:00-17:00

Kennari: Egill Þórðarson, verkfræðingur og stjórnarmaður í VFÍ

Verð: 14.400 kr.

Fyrirtækjaskattaréttur: Umbreytingar, sameiningar og skiptingar félaga

Á námskeiðinu verður fjallað um skattfrjálsa umbreytingu á einstaklingsrekstri í einkahlutafélag, skattfrjálsar sameiningar og skiptingar félaga auk tapsnýtingar við sameiningu.

Gerð verður grein fyrir því hvaða skilyrðum umbreytingar þurfa að fullnægja til að vera skattfrjálsar og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir atvinnurekanda og eigendur ef þess er ekki gætt að fara eftir settum reglum.

Hvenær: Þri. 20. mars kl. 13.00-16:50

Kennari: Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögmaður hjá SkattVís slf. og aðjúnkt í skattarétti við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 13.800 kr.

Sjóðstreymi - einn vanmetnasti kafli ársreikningsins

Greint verður frá hver tilgangurinn með sjóðstreymi er og sýnt hvernig það tengist rekstrarreikningnum og efnahagsreikningi. Því næst verður litið á uppbyggingu sjóðstreymis, þ.e.a.s. form þess. Bæði verður greint frá beinu og óbeinu aðferðinni við að sýna framlag rekstrarins af handbæru fé. Loks verður fjallað um hvert gagn má hafa af upplýsingum í sjóðstreyminu.

Æskilegt er að þátttakendur kunni skil á helstu hugtökum reikningshalds og hafi grunnþekkingu í lestri ársreiknings.

Hvenær: Fim. 22. mars kl. 13:00-16:00 og fös. 23. mars kl. 9:00-12:00

Kennari: Dr. Gunnar Óskarsson, aðjúnkt við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 29.300 kr.

Fjárhagsupplýsingakerfi

Markmið námskeiðsins er að fjalla um grundvallarhugtök, uppbyggingu og hlutverk fjárhagsupplýsingakerfa (AIS) auk viðskiptaferla. Athyglinni verður m.a. beint að kerfisþróun og skjölunaraðferðum, tölvusvikum og misnotkun upplýsingakerfa. Í lok námskeiðs verður fjallað um kerfishönnun, innleiðingu og rekstur upplýsingakerfa. Þátttakendur vinna eitt hópverkefni í tíma.

Hvenær: Mið. 11., 18. og 25. apríl kl. 13:00-16:00 (3x)

Kennari: Haukur Jónsson, deildarstjóri hjá Símanum, Cand.merc. og stundakennari við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 32.800 kr.

Skattlagning úttekta úr atvinnurekstri

Á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg aukning á fjölda einkahlutafélaga og sameignarfélaga/samlagsfélaga.

Á námskeiðinu verður gerð grein fyrir því hvenær og hvernig úttekt úr rekstri skattleggjast, til hvaða verðmæta úttektarskattlagningin tekur og muninn á skattlagningu hennar eftir því hvaða form er á atvinnurekstri.

Hvenær: Þri. 17. apríl kl. 9:00-12:00

Kennari: Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögmaður hjá SkattVís slf. og aðjúnkt í skattarétti við viðskiptafræðideild HÍ

Verð: 10.500 kr.

Hagfræði fasteignamarkaða

Farið er yfir helstu áhrifavalda fasteignaverðs, s.s. staðsetningu, kaupmátt og vaxtastig og hvernig er hægt að spá fram í tímann bæði í bráð og lengd. Þá er fjallað um tengsl fasteignamarkaðarins við hagsveiflur, lýðfræði og ferðakostnað. Loks er fjallað um helstu straumstefnur (e. megatrends) sem hægt er að greina á höfuðborgarsvæðinu og munu móta markaðinn á næstu árum. Umfjöllunin nær bæði til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Hvenær: Mið. 18. og 25. apríl og 2. maí kl. 16:15-19:00 (3x)

Kennari: Ásgeir Jónsson, lektor við hagfræðideild HÍ

Verð: 35.800 kr.

Skráningarfrestur á námskeið Endurmenntunar er að jafnaði átta dögum fyrir upphaf námskeiðs

Virðismat fyrirtækja

Kynntur verður fjöldi virðismatsaðferða þar sem sérstök áhersla verður lögð á frjálst sjóðstreymi til fyrirtækis, arðgreiðslulíkan, margfaldara og hagrænan hagnað. Farið verður yfir helstu virðisrekla fyrirtækja og tenging milli virðissköpunar og upplýsinga sem liggja fyrir í ársreikningum skoðuð. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi grunnkunnáttu í lestri ársreikninga.

Hvenær: Þri. og fim. 8. - 15. maí kl. 15:30-19:00 (3x)

Kennari: Erlendur Davíðsson, sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka og stundakennari við HÍ

Verð: 38.800 kr.

Stjórnun og forysta:

Hrós, hvetning og jákvæð endurgjöf

Fjallað er um forystuhlutverk leiðtogans í samskiptum við starfsfólk og leiðir til að hrósa, hvetja og veita samstarfsfólki jákvæða endurgjöf.

Hrós er hvetjandi þegar vel gengur og uppbyggileg endurgjöf er lykilatriði þegar bæta þarf frammistöðu og árangur. Á námskeiðinu er fjallað um leiðir til að hrósa, hvetja og veita jákvæða endurgjöf hvort sem þarf að viðhalda eða bæta frammistöðu.

Hvenær: Fim. 26. jan. kl. 13:00-17:00

Kennari: Steinunn I. Stefánsdóttir, M.Sc. í viðskiptasálfræði og M.Sc. í streitufræðum

Verð: 15.400 kr.

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur

Á námskeiðinu verður skoðað hvaða breytingar fylgja því að láta af starfi sérfræðings og axla ábyrgð sem stjórnandi og leiðtogi. Fjallað verður um hlutverk leiðtoga og stjórnenda og skilgreint hvað sameinar og skilur þessi tvö hlutverk að. Unnið verður með raunhæf dæmi sem dýpka skilning á viðfangsefninu.

Hvenær: Mán. 20. og 27. feb. og 5. mars kl. 9:00-12:00 (3x)

Kennari: Kristín Baldursdóttir, Cand Oecon, MA og MPM

Verð: 29.800 kr.

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat

Á námskeiðinu verður farið í lykilþætti við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni starfsmannasamtala. Lögð verður áhersla á að þátttakendur fái hagnýta þjálfun sem þeir geta nýtt sér við starfsmannasamtöl í kjölfar námskeiðsins. Hluti námskeiðsins er vinnustofa þar sem nemendur æfa sig í að taka samtöl.

Hvenær: Þri. 20. og mið. 21. mars kl. 13:00-15:50

Kennari: Inga Guðrún Birgisdóttir, mannauðsstjóri hjá 1912 samstæðunni

Verð: 22.500 kr.

Gæðastjórnun - hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf

Farið verður í hugmyndir, aðferðir og þróun gæðastjórnunar. Einnig fjallað um ábyrgð og hlutverk stjórnenda í gæðastarfi. Kynntar mats- og mæliaðferðir í gæðastarfi. Áhersla er lögð á að vinna hagnýt verkefni sem miða að því að móta gæðastefnu, leysa vandamál í ferlum og setja fram lausnir í formi verklagsreglna.

Ætlað stjórnendum og starfsmönnum sem taka virkan þátt í að byggja upp gæðastjórnun og umbótastarf á sínum vinnustað.

Hvenær: Þri. 20. mars kl. 8:30-16:00, mið. og fim. 21. og 22. mars kl. 13:00-17:00 (3x)

Kennari: Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá SI

Verð: 47.400 kr.

Samskiptahæfni og upplýsingamiðlun

Á námskeiðinu verður fjallað um virka hlustun sem stjórnþæki sem auðveldar stjórnendum að hlusta og sýna samstarfsfólki sínu skilning og virðingu. Enn fremur er farið yfir á hvaða hátt orðaval, líkams- tjáning og tilfinningar stjórnenda geta haft áhrif á upplifun samstarfsfólks á sameiginlegum samskiptum.

Hvenær: Þri. og fim. 20., 22. og 27. mars kl. 9:00-12:00 (3x)

Kennarar: Steinunn Inga Stefánsdóttir, M.Sc í viðskiptasálfræði og streitufræðum og Hlín Agnarsdóttir, leiklistarkennari

Verð: 33.300 kr.

**Við minnum á hópafsláttinn okkar:
Ef fyrirtæki eða stofnanir skrá fimm eða fleiri á
námskeið er veittur 20% afsláttur.**

Samtalstækni – viðkvæm starfsmannamál

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að auka færni stjórnenda í að ræða viðkvæm mál við starfsmenn. Fjallað verður um leiðir til að stýra viðkvæmum samtölum, leyst verða raundæmi og lögð áhersla á verklega þjálfun þar sem þátttakendur taka þátt í hlutverkaæfingum.

Hvenær: Mið. 21. og 28. mars kl. 9:00-12:00

Kennari: Steinunn I. Stefánsdóttir, M.Sc. í viðskiptasálfræði og streitufræðum

Verð: 22.500 kr.

Faglegar ráðningaraðferðir

Á námskeiðinu er fjallað um hönnun ráðningaferlis frá greiningu starfs og gerð auglýsingar til samanburðar á umsækjendum og ákvörðun ráðningu.

Fjallað verður um helstu aðferðir við mat á umsækjendum svo sem ferilskrár, viðtöl og mismunandi sálfræðileg próf. Þátttakendur fá þjálfun í að greina störf, ákveða matsaðferðir, meta gæði sálfræðilegra prófa, velja próf við hæfi og staðla viðtöl. Auk þess verður fjallað sérstaklega um þá þætti sem auka hættu á mismunun og leiðir til að draga úr henni.

Hvenær: Þri. 10., 17. og 24. apríl kl. 15:40-18:30 (3x)

Kennari: Albert Arnarson, M.Sc. í lðnaðar og skipulagssálfræði og sérfræðingur hjá Marel

Verð: 29.800 kr.

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum

Námskeiðið fjallar um birtingarmynd álags hjá einstaklingum og hópum. Tekin verða fyrir dæmi um það hvernig hægt er að takast á við áföll sem koma upp í tengslum við starfsmannahópa.

Á námskeiðinu er lögð mest áhersla á verkefnavinnu og umræðu í tímum. Einnig verður notast við fyrirlestra og sýnikennslu (e. role-play) þar sem kennarar sýna notkun einstakra aðferða.

Hvenær: Mið. 11., 18. og 25. apríl kl. 8:30-12:30 (3x)

Kennarar: Sr. Vigfús Bjarni Albertsson, Mt.h. sjúkrahúsprestur og Dr. Berglind Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Verð: 44.100 kr.

Stjórnun og leiðtogahæfni

Námskeiðið er byggt upp á þremur þáttum: Í fyrsta hluta námskeiðsins er rætt um mikilvægi breytinga fyrir viðgang skipulagsheilda og skoðaðar kenningar um breytingastjórnun. Í öðrum hluta verður hugað að hópum og í þriðja hluta námskeiðsins er athyglinni beint að leiðtoganum sjálfum og færni hans.

Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu og skilning þátttakenda á stjórnenda- og leiðtogahlutverkinu.

Hvenær: Mán. 16., 23. og 30. apríl kl. 9:00-12:00 (3x)

Kennari: Kristín Baldursdóttir, Cand Oecon, MA og MPM

Verð: 33.300 kr.

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum

Markmiðið með námskeiðinu er að flétta saman á hagnýtan hátt umfjöllun um lög og reglur sem tengjast stjórnnum félaga, einkum ábyrgð stjórnarmanna á gerðum sínum og þeirra félaga sem þeir tengjast, sem og veita leiðbeiningar hvernig best verði staðið að framkvæmd stjórnarstarfa m.t.t. skilvirkni og gagns fyrir félagið.

Hvenær: Mán. 23. og 30. apríl og 7. maí kl. 16:15-19:15 (3x)

Kennarar: Jóhannes Karl Sveinsson, hrl., Geir A. Gunnlaugsson, fv. framkvæmdastjóri og Grímur Sigurðsson, hrl.

Verð: 28.900 kr.

Starfstengd hæfni:

Listin að gera lista

Markviss forgangsroðun - leið til aukinna afkasta

Að bæta færni í forgangsroðun er öflug leið til að takast á við amstur dagsins. Fjöldmargir sérfræðingar á sviði stjórnunar hafa sýnt fram á leiðir til þess að gera lista, sem henta og virka, við ólíkar aðstæður. Á námskeiðinu kynnst þátttakendur af eigin raun ólíkum aðferðum við gerð lista og velja þá aðferð sem gæti hentað þeim best. Að gera listann er aðeins fyrsta skrefið til aukinna afkasta. Það að forgangsraða honum með 80/20 lögmálinu skerpir sýn og mikilvægustu málin komast á dagskrá og svokölluðum slökkvistörfum fækkar.

Hvenær: Mán. 6., 13. og 20. feb. kl. 8:30-10:00 (3x)

Kennari: Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri

Verð: 14.800 kr.

WordPress - Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi

Yfir 200 milljón fyrirtæki og einstaklingar reiða sig á opna hugbúnaðinn WordPress CMS til að koma sér, vörum sínum og þjónustu sinni á framfæri á netinu. WordPress vefumsjónarkerfið býður upp á mikinn sveigjanleika og er jafnframt auðvelt í notkun.

Námskeiðið leggur áherslu á að vera hagnýtt og er ætlað þeim sem ekki hafa notað WordPress áður. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að vera færir um að setja upp nýjan vef í WordPress vefumsjónarkerfinu og aðlaga að sýnum þörfum

Hvenær: Fös. 10., lau. 11. og lau. 18. feb. kl. 9:00-12:00

Kennari: Valur Þór Gunnarsson, sérfræðingur í rafrænum viðskiptum og vefþróun

Verð: 25.900 kr.

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun

Á námskeiðinu er farið í skilgreiningu á niðurstöðum verkefnis og markmiðasetningu, niðurbrot verkefnis í verkþætti og gerð tíma- og kostnaðaráætlana. Fjallað verður um samskipti í verkefnum og samskiptakerfi. Unnið verður í hópum þar sem hver hópur velur sér verkefni og gerir heildstæða verkefnisáætlun.

Hvenær: Mið. 15., 22. og 29. feb. kl. 8:30-12:30 (3x)

Kennari: Sveinn Áki Sverrisson, véltækni-fræðingur B.Sc. og MPM

Verð: 32.200 kr.

Hugbjálfun - leið til árangurs

Sjálfsstjórn og markmiðssetning eru meginviðfangsefni þessa námskeiðs. Hugmyndir eru sóttar víða, t.d. dáleiðslufræði og hugræna atferlismeðferð. Kennt er um streitu, slökun og aðferðir til að stjórna spennu, setja sér raunhæf markmið og fylgja þeim eftir. Kenndar eru leiðir til sjálfsstyrkingar og hvernig beita má huglægum aðferðum, sjálfstali og stýringu eigin hugarfars til að ná árangri.

Hvenær: Mán. og mið. 20., 22. og 27. feb. kl. 16:15-19:00 (3x)

Kennarar: Jóhann Ingi Gunnarsson og Hörður Þorgilsson, sálfræðingar

Verð: 25.900 kr.

Facebook sem markaðstæki - grunnnámskeið

Á þessu grunnnámskeiði er fyrst og fremst farið í rétta, tæknilega uppbyggingu Facebook síðunnar, þannig að hún nýtist sem allra best í samskiptum við markaðinn. Inn í tæknilegar leiðbeiningar er fléttað hugtökum og aðferðum markaðssetningar á samfélagsvefjum. Farið yfir hvaða meginreglur gilda til að síðan nái sem mestum og víðtækustum áhrifum og ýmis „tip og tricks“ gefin. Auglýsingar fyrir samskiptanetið eru skoðaðar sérstaklega og þá rætt um markvissa uppsetningu, orðaval og markhópa.

Hvenær: Mán. 20. feb. kl. 8:30-12:30 og þri. 21. feb. kl. 13:00-16:00

Kennari: Marianna Friðjónsdóttir, sjálfstætt starfandi fjölmiðlari

Verð: 18.900 kr.

Þrívíddarhönnun í SketchUp - grunnnámskeið

Á námskeiðinu verður farið í helstu grunnatriði í SketchUp svo hægt sé að ná ákveðinni færni. Einnig verður farið í tengsl forritsins við önnur teikniforrit svo unnt sé að flytja tvívíðar teikningar úr öðrum forritum inn á réttan hátt. Meginmarkmið námskeiðsins er að miðla eiginleikum forritsins með tilliti til hönnunar af mismunandi toga. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja rissa upp þrívíða mynd af hugmynd sinni á skömmum tíma, hvort sem hún er á sviði hluta-/innréttingahönnunar, arkitektúrs eða skipulags.

Hvenær: Fim. 1. og 8. mars kl. 16:15-19:00

Kennarar: Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ

Verð: 15.900 kr.

Markviss framsögn

Tilgangur námskeiðsins er að auka kunnáttu fólks við framsetningu talaðs máls. Á námskeiðinu verða gefin hagnýt ráð um undirbúning, framsögn og framkomu við flutning erinda. Fjallað verður um leiðir til að fanga athygli fólks og halda henni og að koma máli sínu vel á framfæri. Ætlað öllum þeim sem vilja efla hæfni sína í munnlegri framsetningu efnis, við kynningu verkefna, fyrir verkkaupum, á sviðsfundum, á vinnufundum með samstarfsfólki og við önnur starfstengd tækifæri. Farið er í framsögn, framburð og raddbeitingu.

Hvenær: Fim. 1. og 8. mars kl. 9:00-12:00

Kennari: Margrét Pálsdóttir, málfræðingur og kennari

Verð: 19.800 kr.

Gjafabréf Endurmenntunar er tilvalin gjöf eða styrkur við hin ýmsu tækifæri

Skrif og skipulag efnis fyrir vefinn

Það er vel þekkt staðreynd að þegar notendur koma á vefinn lesa þeir ekki, heldur skima og skanna. Þolinmæði notenda er afar takmörkuð. Efni á vef þarf að taka mið af þessu og á námskeiðinu verður litið á skrif og ráðleggingar helstu sérfræðinga á þessu sviði auk þess sem fyrirlesari miðlar af eigin reynslu. Farið verður yfir hvernig á að skipuleggja og skrifa efni á vef, notkun fyrirsagna, mynda, tengla, taflna og lista þannig að vefurinn verði sem notendavænstur.

Hvenær: Mán. 5. og 12. mars kl. 9:00-12:00

Kennari: Sigurjón Ólafsson, deildarstjóri vefmála og netbanka Íslandsbanka

Verð: 19.500 kr.

Árangursrík liðsheild

Á þessu hnitmiðaða námskeiði mætast sjónarmið afreksipróttu og stjórnunar í kraftmikilli blöndu tveggja reyndra leiðbeinenda sem nálgast viðfangsefnið frá sjónarhorni félagsfræði og sálfræði. Farið verður yfir aðferðir til að efla liðsheild og auka samstarfsvilja í fyrirtækjum og stofnunum. Það hefur sennilega sjaldan verið mikilvægara en nú, á tímum mikilla og hraðra breytinga í samfélaginu, að hlúa að þáttum sem snúa að samskiptum og samheldni á vinnustöðum.

Hvenær: Mið. 7., 14. og 21. mars kl. 13:00-16:00 (3x)

Kennarar: Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur og Viðar Halldórsson, félagsfræðingur

Verð: 28.500 kr.

Öflugt sjálfstraust

Á námskeiðinu er lögð áhersla á að kenna þátttakendum að greina muninn á miklu og litlu sjálfstrausti og ekki síst að kenna aðferðir til að byggja upp og efla sjálfstraust. Ætlað öllum þeim sem vilja styrkja sig og efla eigið sjálfstraust auk þess að hafa jákvæð áhrif á aðra. Kennsla er í formi fyrirlestra, umræðna, verkefna og æfinga.

Hvenær: Fim. 8., 15. og 22. mars kl. 16:15-19:15 (3x)

Kennari: Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur

Verð: 22.400 kr.

Bætt þjónusta, ánægðari viðskiptavinir - Að gera gott betra -

Á námskeiðinu er lögð áhersla á að skilgreina hvað skiptir viðskiptavini mestu máli í viðskiptaferlinu og hvernig má gera góða þjónustu enn betri. Starfsmaður sem veitir afbragð góða þjónustu hefur ráðandi hlutverki að gegna þegar kemur að því að tryggja fyrirtækinu eða stofnuninni framtíðarviðskiptavini. Um leið skapar hann sérstöðu á sínum vinnustað sem eftirsóknarverður starfskraftur.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem taka á móti og þjónusta viðskiptavini fyrirtækja og stofnana.

Hvenær: Fim. 8. mars kl. 13:00-17:00

Kennari: Guðrún Sverrisdóttir, þjónusturáðgjafi

Verð: 16.500 kr.

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf

Hagnýtt námskeið fyrir alla þá sem hafa áhuga á að bæta sig, blómstra og auka vinnugleði sína í daglegu starfi. Jákvæð viðhorf og jákvæð hegðun þar sem við nýtum styrkleika okkar, finnum að við erum að gera gagn, temjum okkur bjartsýni, höfum áhrif á aðstæður okkar og vinnum í góðu samstarfi eru þættir sem skipta miklu máli fyrir okkur sjálf sem einstaklinga, árangur í starfi og starfsandann á okkar vinnustað.

Á námskeiðinu er auk fræðslu unnið létt verkefni sem tengist þáttum sem við getum sjálf haft stjórn á til að auka vinnugleði og njóta okkar í starfi.

Hvenær: Fös. 9. mars kl. 8:30-12:30

Kennari: Steinunn I. Stefánsdóttir M.Sc. í viðskiptasálfræði, M.Sc. í streitufræðum

Verð: 13.800 kr.

WordPress - fyrir lengra komna

Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig hýsa má eigin vef í WordPress og hvernig sníða má vefinn að eigin þörfum. Þá er fjallað um hvernig hægt er að nýta sér stílsnið til að breyta viðmóti og virkni og hvernig má nýta sér vinsælustu viðbætur (e. plugins) og ýmsa sérvirkni fyrir WordPress. Farið er yfir nokkur einföld öryggisatriði í WordPress og helstu kosti varðandi hýsingu og lén.

Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi grunnþekkingu á WordPress kerfinu eða lokið byrjendanámskeiði í WordPress.

Hvenær: Fös. 9., lau. 10. og lau. 17. mars kl. 9:00-12:00 (3x)

Kennari: Valur Þór Gunnarsson, sérfræðingur í rafrænum viðskiptum og vefþróun

Verð: 25.900 kr.

Álitamál í þróunarsamvinnu og hjálparstarfi á vettvangi í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Rauða krossinn og Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Námskeiðið fjallar um þróunarsamvinnu, neyðaraðstoð, mannúðarstarf og friðaruppbyggingu. Þátttakendur fá innsýn í störf á vettvangi, stefnur og starfsemi ólíkra stofnana, þátttöku Íslands í verkefnum á þessu sviði og fá að spreyta sig sjálf á krefjandi verkefnum og taka þátt í umræðum. Fjöldmargir fyrirlesarar koma að námskeiðinu og deila reynslusögum frá störfum sínum á vettvangi.

Hvenær: Fös. 9. mars kl. 13:00-18:00, lau. 10. mars kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00, fös. 23. mars. kl. 13:00-18:00, lau. 24. mars. kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00 og sun. 25. mars kl. 11:00-14:00 (5x)

Umsjón: Svanhvít Aðalsteinsdóttir, sérfr. við utanríkisráðuneytið

Verð: 38.000 kr.

Árangursríkar slæðusýningar (e. PowerPoint)

Að bæta færni í kynningum og fyrirlestur er mikilvæg starfsþróun. Námskeiðið byggir bæði á sýnikennslu og vinnu við raunhæft verkefni sem þátttakendur velja eða fá úthlutað. Farið er í notkun leturs, mynda, hljóðs og myndbanda. Lögð er áhersla á kynningarþáttinn og þá miklívægu staðreynd að slæðurnar styðji við málefni fyrirlesarans, fremur en leiði fyrirlesturinn.

Kennt verður á notkun PowerPoint og Google tól til slæðugerðar.

Hvenær: Mán. 12., 19. og 26. mars kl. 8:30-10:30 (3x)

Kennari: Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri

Verð: 17.600 kr.

Vönduð íslenska: að skrifa gott íslenskt mál

Ætlað þeim sem vilja auka kunnáttu sína og færni við að rita gott íslenskt mál. Farið er yfir helstu hjálpargögn íslenskra málnotenda. Dæmi eru tekin um gott og slæmt málfar svo sem beygingar, orðasambönd og stíl. Farið er yfir ýmis sératriði í ritreglum. Þátttakendur fá í hendur vandaða ritaskrá og fleiri gögn og leysa ýmis heimaverkefni.

Hvenær: Mið. 14., 21. og 28. mars kl. 17:00-19:30 (3x)

Kennari: Bjarni Ólafsson, íslenskufræðingur

Verð: 29.400 kr.

Facebook sem markaðstæki – fyrir lengra komna

Áfram er haldið þar sem frá var horfið á grunnnámskeiði um Facebook og markaðssetningu. Fjallað er um auglýsingar á Facebook. Farið er yfir tæknilegar uppsetningar í auglýsingakerfinu. Flýtleiðir, viðburðir, hvað á að auglýsa, uppsetning, markhópar og verðhugmyndir er meðal þess sem fjallað er um. Fléttað er inn í umfjöllunina mismuni á markaðssetningu á hefðbundnum miðlum og samfélagsmiðlum. Þeir sem hafa setið námskeiðið Facebook sem markaðsstæki býðst 20% afsláttur af þessu námskeiði.

Hvenær: Mán. 26. mars kl. 8:30-12:30 og þri. 27. mars kl. 13:00-16:00

Kennari: Marianna Friðjónsdóttir, sjálfstætt starfandi fjölmiðlari

Verð: 18.900 kr.

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki

Markmiðið er að þátttakendur læri að undirbúa, skipuleggja og gera innri gæðaúttektir á gæðakerfi fyrirtækis og meta virkni þess.

Ætlað þeim sem annast innri úttektir á gæðakerfum. Þátttakendur þurfa að hafa grunnþekkingu á gæðastjórnun og stöðlum fyrir gæðakerfi s.s. ISO 9000, ISO 14000 eða EN 45000.

Hvenær: Þri. 27. og mið. 28. mars kl. 13:00-18:00

Kennarar: Kjartan J. Kárason, framkvæmdastjóri hjá Vottun hf. og Einar Ragnar Sigurðsson, sjálfstætt starfandi sérfræðingur

Verð: 51.600 kr.

Sölu- og ráðgjafa námskeið

Inniskór eru ekki málið!

Á námskeiðinu verður farið yfir þær aðferðir sem virka hvað best í sölu við íslenskar aðstæður. Farið verður inn á nýjar söluleiðir sem reynst hafa mjög árangursríkar.

Námskeiðið hentar öllum þeim sem eru í beinni sölu til fyrirtækja.

Námskeiðið er byggt upp með fyrirlestrum og brotið upp með stuttum verklegum æfingum.

Hvenær: Þri. 24. apríl kl. 13:00-16:00 og mið. 25. apríl kl. 9:00-12:00

Kennari: Harald Pétursson, forstöðumaður hjá NOVA

Verð: 18.300 kr.

**Vertu vinur Endurmenntunar á Facebook -
reglulega gefum við laus sæti á námskeið
eða gjafabréf**

Þrívíddarhönnun í Sketchup – fyrir lengra komna

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja tileinka sér aukna kunnáttu í forritinu, einkum á sviði framsetningar. Meðal þess sem fjallað verður um er stemning í myndum, skýringamyndir, málsetning, skuggavarp, landslag, lög (e. layers) og hvernig eitt vinnuskjal getur tengst öðru. Mikilvægt er að þátttakendur búi yfir nokkurri færni í Sketchup á þessu stigi málsins.

Hvenær: Mið. 18. og 25. apríl og 2. maí kl. 16:15-18:00 (3x)

Kennari: Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ

Verð: 15.900 kr.

Endurmenntun á Facebook

Við erum með síðu á Facebook þar sem hægt er að fylgjast með starfseminni, námskeiðsframboði og skemmtilegum uppákomum.

Það borgar sig að vera vinur Endurmenntunar - reglulega gefum við laus sæti á námskeið eða gjafabréf.

Vertu vinur okkar á www.facebook.com/endurmenntun.is

Sérsniðnar lausnir

Endurmenntun býður upp á margvíslegar sérsniðnar lausnir fyrir stærri og smærri fyrirtæki og stofnanir. Námskeið þessa bæklinga má flest fá sem sérsniðna lausn.

Ávinningur sérsniðinna lausna eru umtalsverður sem felst meðal annars í eftirfarandi atriðum.

Aðlögun náms að starfsemi

Kennari námskeiðsins reynir eftir föngum að sníða efnistöð og áherslur að viðkomandi starfsemi. Umræður milli kennara og þátttakenda um efnispætti námskeiðs verða markvissari þar sem þær snúa beint að verkefnum og starfsemi fyrirtækisins; þekkingin er strax sett í samhengi við raundæmi úr veruleika starfsfólksins.

Hagkvæmari valkostur

Endurmenntun gerir fast tilboð miðað við tímafjölda og fjölda þátttakenda. Kostnaður fyrir hvern þátttakanda er því töluvert lægri en ef greitt er fullt einstaklingsgjald á opnu námskeiði Endurmenntunar.

Húsnæði og tímasetning

Námskeiðið getur farið fram á vinnustað eða í húsnæði Endurmenntunar. Einn helsti kostur þess að nýta húsnæði Endurmenntunar er að þannig fer starfsfólk út úr sínu hefðbundna starfsumhverfi og getur einbeitt sér að náminu. Námskeiðin eru sniðin að þeirri tímasetningu sem hentar fyrirtækjum og stofnunum hverju sinni.

Skírteini

Allir þátttakendur sérsniðinna námskeiða fá skírteini Endurmenntunar til staðfestingar þátttöku nema annars sé óskað. Kannanir hafa sýnt að starfsfólk metur gildi skírteina Endurmenntunar, enda hefur stofnunin um árabíl verið fyrsti valkostur fagfólks hvað símenntun varðar.

Nánari upplýsingar gefur Ragna Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá EHI í síma 525 4927. Fyrirspurnir er einnig hægt að senda til Rögnu á netfangið rh@hi.is